Fréttatilkynning frá Hafrannsóknastofnun:
Niðurstöður makrílleiðangurs: Rúmlega þriðjungur mældist innan íslenskrar lögsögu



Niðurstöður sameiginlegs makrílsleiðangurs Færeyinga, Íslendinga, Norðmanna og Grænlendinga sem farinn var á tímabilinu 1. júlí til 10. ágúst liggja nú fyrir í heild sinni. Í leiðangrinum tóku þátt fjögur skip, R/S Árni Friðriksson frá Íslandi, eitt skip frá Færeyjum og tvö frá Noregi. Fyrr í þessum mánuði var greint frá bráðabirgðaniðurstöðum á vef Hafrannsóknastofnunar. Markmið leiðangursins var að kortleggja útbreiðslu og magn makríls og annarra uppsjávarfiskistofna í Norðaustur Atlantshafi meðan á ætisgöngum þeirra um Norðurhöf stendur ásamt því að kanna ástand sjávar og átustofna á svæðinu. Öll skipin notuðu samskonar flotvörpu sem sérstaklega hefur verið þróuð fyrir þessar rannsóknir og var R/S Árni Friðriksson að taka þátt í þeim í áttunda sinn.

Magn og útbreiðsla makríls á svæðinu var metin út frá afla í stöðluðum togum sem tekin voru með reglulegu millibili (Mynd 1) og var rannsóknasvæðið um 2,7 milljón ferkílómetrar. Heildarvísitala makríls (lífmassi) á svæðinu var metin um 7,7 milljón tonn, þar af voru tæp 2,9 milljón tonn innan íslenskrar efnahagslögsögu eða rúm 37% af heildarvísitölunni (Tafla 1 og Mynd 2). Heildarvísitalan í ár er 1,3 milljón tonnum lægri en á síðasta ári en þá var hún sú hæsta síðan rannsóknirnar hófust árið 2007. Vísitala makríls innan íslenskrar lögsögu hefur hins vegar aldrei verið eins há og í ár, en síðustu þrjú ár var vísitalan þar um 1,6 milljón tonn. Á öðrum svæðum var magnið minna en á síðasta ári. Mesta þéttleika makríls var að finna suður af Íslandi og náði útbreiðslan þar sunnar en áður hefur sést. Heildarstærð svæðisins sem kannað var í ár var lítið eitt stærra en á síðasta ári en eins og undan farin ár, var aðeins lítill hluti lögsögu Evrópusambandsins kannaður.

Í leiðangrinum voru makrílárgangar frá 2011 og 2010 í mestum fjölda með um 28% og 22% hlutdeild sem undirstrikar styrk þeirra. Árgangurinn frá 2012 kom svo næstur með um 12% af fjöldanum. Líkt og fyrri ár var stærsta makrílinn að finna á jöðrum útbreiðslunnar til vesturs og norðurs. Niðurstöður leiðangursins sýna enn og aftur víðáttumikla útbreiðslu makrílsins að sumarlagi. Það er þó ljóst að ekki náðist að dekka allt útbreiðslusvæði hans og þá sérstaklega suðaustur af yfirferðarsvæðinu í kringum Bretlandseyjar og í Norðursjó þar sem einkum yngri fiskur er talinn halda til á þessum árstíma. Útbreiðsla makríls var eins og áður sagði frábrugðin síðustu árum sem bendir til breytinga á farleiðum hans. Þær tengjast mögulega kaldari yfirborðssjó í vor suðaustur af Íslandi sem náði allt að ströndum Noregs.

Líkt og síðustu ár var skörun á útbreiðslu makríls og síldar og var skörunin einkum vestan til í Austurdjúpi og austur af Íslandi (Mynd 1). Stærsta hluta norsk-íslenska síldarstofnsins var að finna norður og austur af Íslandi og svo norður af Færeyjum. Talið er að leiðangurinn í ár hafi náð vel yfir útbreiðslusvæði stofnsins og er heildarvísitalan (tæpir 23 milljarðar fiska eldri en fjögurra ára) svipuð og í leiðangri sem farinn var í maí (20 milljarðar fiska) í Austurdjúpi sem gefur mikilvægustu tímaröð bergmálsmælinga fyrir mat á stærð stofnsins.

Mesti þéttleiki rauðátu, sem er ein helsta fæða markíls og síldar, var í austanverðu Grænlandshafi og austur af Íslandi allt til Færeyja. Á því svæði í Grænlandshafi sem mest var af átu var þéttleiki makríls að öllu jöfnu lítill. Meðalmagn átu á svæðinu austan við Ísland og í Noregshafi mældist svipað og í fyrra meðan að magnið annars staðar kringum Ísland og á

grænlenska hafsvæðinu var meira átumagn en á síðasta ári og með því hæsta sem mælst hefur frá 2010.

Yfirborðshiti sjávar sunnan við Ísland og í Grænlandshafi í júlí 2015 var um 1°C undir 20 ára meðaltali júlímánaðar. Í Austurdjúpi var hitastigið nálægt 20 ára meðaltalinu meðan að hitinn var um 1°C yfir meðaltali norður af Íslandi og í norðurhluta Austurdjúps. Hlýr yfirborðssjór var að jafnaði í efstu 30-40 m þótt breytileiki hafi verið á milli svæða. Þrátt fyrir kaldari yfirborðssjó suður af Íslandi nú en síðustu ár var hitastigið um 9-11°C sem er vel yfir þolmörkum makríls.

Niðurstöður leiðangursins eru notaðar ásamt öðrum gögnum, við mat Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) á stofnstærð og veiðiþoli makríls. Ýmis frekari úrvinnsla á gögnum sem safnað var fer fram á næstu mánuðum og aflaráðgjöf fyrir næsta ár á grundvelli fyrirliggjandi gagna mun verða kynnt í október n.k.

Tafla 1. Tafla sem sýnir flatarmál rannsóknarsvæðisins og mat á magni makríls eftir lögsögum í leiðangrinum í júlí-ágúst 2015.

Lögsögur eða svæði	Flatarmál svæðis (í þús. km²)	Lífmassi (í þús. tonnum)	Lífmassi (%)
Evrópusambandið	101	444	5.8
Noregur	721	2114	27.5
Ísland	587	2866	37.3
Færeyjar	268	795	10.3
Jan Mayen	172	241	3.1
Alþjóðasvæði, norðanvert	260	579	7.6
Alþjóðasvæði, vestanvert	147	225	2.9
Grænland	358	321	4.2
Spitzbergen	81	103	1.3
Samtals	2695	7688	100



Mynd 1. Samsetning og magn fisks í yfirborðstogum í júlí-ágúst 2015.



Mynd 2. Þéttleiki makríls (kg á ferkílómetra) eftir reitum í júlí-ágúst 2015 sýndur grafískt.

Hafrannsóknastofnun 26. ágúst 2015